

## Verklýsing fyrir inndælingu og viðgerð í sprungur í steypu

Borað skal með reglulegu millibili holur fyrir ídælingarventla. Millibil á milli ventla skal að jafnaði vera hálf bordýptin sem er boruð í hverja sprungugerð fyrir sig. Algengast er að millibilið sé u.þ.b 15 -20 cm á milli ventla. Almennt skal bora skáhallt í gegnum steypuskil þannig að borgatið gangi í gegnum skilin í u.þ.b. miðju þversniðinu. Dýpt og millibil á borholum skal vera í samræmi við dýpt sprungu og viðgerðaraðferð skv. fyrirmælum framleiðanda.

2) Hreinsa skal ryk og önnur óhreinindi úr borholunum með þrýstilofti fríu við olíu. Ef þurfa þykir skal bleyta ídælingarsvæðið í samræmi við ráðleggingar framleiðanda.

3) Festa skal ídælingarventlana og herða þá tryggilega í borholurnar þannig að ídælingaefnið gangi ekki upp með ventlinum sjálfum.

4) Ef ídælingaefnið gengur ekki alls staðar út úr skilunum á milli ventla skal verktakinn bora fyrir nýjum ventli á milli þeirra ventla sem fyrir eru og dæla að nýju. Þannig skal tryggja að þéttiefni sé samfelt í sprungum og steypu skilunum.

5) Umframefni og ventla skal hreinsa burt eftir ídælingu með Arcan 520 hreinsiefni. Best er að fylla í borgöt með Cembond 863 epoxy múr. Han er blandaður 1:1 A+B efni Einnig mælum við með að hreinsa sprungu eftir að efni hefur harðnað og fylla í með Cambond efninu eða Cemflex 964 teygjanlegum múr.

Innflutningsaðili : Fagefni ehf Smiðjuvegi 5 s 4204010

**Hvenær á að dæla í með epoxy eða acrylharz efni – Þegar sprungur eru stærri en 0,05 mm eða stærri skal dæla í þær með AC 555 efninu sem er hentugra efni en epoxy fyrir marga hluta sakir.**



**AC 555 er akryl resin sem límir saman sprungur og nær gríðarlegum styrk. Hentar oftast mun betur en epoxy því það þolir lægra hitastig , meiri raka og er um leið ekki eins ertandi og ofnæmisvaldandi og epoxy. Smýgur einnig betur en epoxy.**

Þegar sprungur eru orðanar víðari en t.d 3-5 mm þarf að beita öðrum aðferðum en þunnum efnum eins og AC 55 eða epoxy. Þá þarf að saga upp sprunguna og saga raufar þvert á sprunguna og líma hana saman með carbon fiber ( eða stáli ) með epoxy structural lími t.d Sp HP 220 eða Arcan 824.



Þá er mælt með að þvera sprunguna á 30 cm fresti með því að saga raufar 30 cm langar og koma fyrir 6 mm carbon teinum þvert á sprunguna. Í sprunguna og raufarnar er þá notað viðurkennt structural epoxy adhesive sem er samþykkt fyrir að líma carbon fiber eða líma saman steypuhluta

Þar sem sprungur eru í gegnum steyptan stiga eða í burðarsúlum er hægt að nota Carbon fiber lamanates borða ásamt carbon C Sheets borða til að styrkja burðarþol án þess að bæta við bitum eða súlum.

